

Viðhorf foreldra á Akureyri til daggæslu í heimahúsum



Jenný Gunnbjörnsdóttir
Trausti Þorsteinsson

Viðhorf foreldra á Akureyri til daggæslu í heimahúsum

Háskólinn á Akureyri
Miðstöð skólaþróunar

© Jenný Gunnbjörnsdóttir og Trausti Þorsteinsson.
Könnun á viðhorfi foreldra til daggæslu í heimahúsum.
Gerð að ósk skóladeildar Akureyrarbæjar.

Helstu niðurstöður

- Algengast virðist vera að foreldrar afli sér upplýsinga um dagforeldra með öðrum hætti en frá bæjarfélaginu. Mun færri segjast nú sækja upplýsingar á vef Akureyrar en árið 2011.
- Það sem foreldra skiptir mestu máli við val á dagforeldri eru persónulegir eiginleikar og viðmót í garð foreldris. Flestir foreldrar segjast hafa kannað aðstæður hjá dagforeldri áður en barnið var vistað hjá því og mikill meirihluti foreldra könnuðu hvort dagforeldri hefði gilt starfsleyfi.
- Flestir foreldrar eru ánægðir með þjónustu dagforeldris. Heldur dregur úr samningagerð milli foreldra og dagforeldra frá ári til árs.
- Meirihluti foreldra segist hafa fengið upplýsingar um greiðslur vegna frídaga og veikindadaga dagforeldris þegar barnið hóf vistun. Þeir virðast mun líklegri til að segjast vera mjög ánægðir með þjónustu dagforeldris. Þá eru þeir foreldrar sem segjast ánægðir með þjónustu dagforeldra líklegri til að segja að forföll þeirra séu ekki vandamál.
- Flestir foreldrar segja að barn þess sé ánægt í daggæslunni og telja að dagforeldrar leggi sig fram um að koma til móts við þarfir og væntingar foreldra. Foreldrar eru ánægðir með fæði sem börnum stendur til boða hjá dagforeldrum.
- Flestir foreldrar virðist vita hvert þeir eiga að leita ef þeir hafa athugasemdir við þjónustu dagforeldris en einungis lítill hluti segist hafa nýtt sér það að koma slíkum athugasemdum á framfæri. Heldur virðist daga úr vitund foreldra um hvert skuli snúa sér miðað við fyrri kannanir.
- Um helmingur svarenda segjast vita hvernig eftirliti af hálfu skóladeildar með dagforeldrum er háttað. Færri telja eftirlitið fullnægjandi eða gott en í fyrri könnunum.
- Flestir foreldrar sögðust hafa nýtt sér upplýsingar frá daggæsluráðgjafa um dagforeldra á heimasíðu Akureyrar. Hins vegar telja nú marktækt færri en fyrri ár að upplýsingarnar á heimasíðunni séu ítarlegar.
- Foreldrar eru nokkuð sáttir við þann tíma sem þeir fá fyrir börn sín hjá dagforeldrum en þó láta um fjórðungur foreldra í ljós óánægju með vistunartíma. Marktækt fleiri foreldrar nú en áður telja að vistunartími hjá dagforeldri henti ekki nægjanlega vel og að þeir þyrftu að bjóða upp á meiri sveigjanleika.
- Því lakar sem vistunartíminn hjá dagforeldri hentar foreldrinu því óánægðari eru foreldrar með þjónustu dagforeldra.
- Aukin vilji foreldra er til að koma börnum sínum í leikskóla fremur en í daggæslu til dagforeldris. Marktækur munur mælist milli ára.
- Mikill meirihluti foreldra vilja eiga þess kost að heimsækja leikskólann sem þeir hygðust velja áður en þeir sæktu um. Við val á leikskóla skiptir orðspor hans hvað mestu máli.

Efnisyfirlit

1	Inngangur	5
2	Daggæsla.....	6
2.1	Daggæsla í heimahúsum á Akureyri.....	6
2.2	Samskipti og skyldur	7
2.3	Eftirlit af hálfu bæjarfélagsins	8
3	Niðurstöður könnunar	9
3.1	Val á dagforeldri	9
3.2	Upplýsingar af hálfu dagforeldris	11
3.3	Þjónusta dagforeldris	12
3.4	Árekstrar	15
3.5	Eftirlit af hálfu bæjarins og upplýsingagjöf.....	17
3.6	Dagforeldri – leikskóli.....	20
3.7	Athugasemdir frá foreldrum	21
4	Samantekt.....	25
5	Heimildir	28

Myndir

Mynd 1: Hvar upplýsinga var leitað um dagforeldri 2013 og 2011.	9
Mynd 2: Það sem skiptir mestu máli við val á dagforeldrum. Niðurstöður 2013 og 2011.	10
Mynd 3: Þjónustukaup af dagforeldri.	10
Mynd 4: Samningur foreldris við dagforeldri.	11
Mynd 5: Upplýsingagjöf dagforeldris.	11
Mynd 6: Þjónusta dagforeldris.	12
Mynd 7: Ánægjulegast við þjónustu dagforeldra.	13
Mynd 8: Fjölbreytni fæðis hjá dagforeldrum.	14
Mynd 9: Ánægja/óánægja barns í daggæslunni.	14
Mynd 10: Viðleitni dagforeldra til að koma til móts við þarfir og væntingar foreldra.	15
Mynd 11: Forföll meðal dagforeldra.	15
Mynd 12: Veit hvert á að leita með athugasemdir.	16
Mynd 13: Vitund foreldra um hvert eigi að leita með athugasemdir 2010–2013.	16
Mynd 14: Eftirlit af hálfu skóladeildar með dagforeldrum.	17
Mynd 15: Notkun foreldra á upplýsingum um dagforeldra á vefsíðu Akureyrar.	18
Mynd 16: Afstaða foreldra til upplýsinga um dagforeldra á heimasíðu Akureyrar.	18
Mynd 17: Hvernig tími hjá dagforeldrum hentar foreldrum.	19
Mynd 18: Leikskóli í stað daggæslu.	20
Mynd 19: Mikilvægir þættir við val á leikskóla.	21

1 Inngangur

Samkvæmt reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005 er starfsemi af þessu tagi leyfis skyld og bera sveitarfélög ábyrgð á því að höfð sé umsjón og eftirlit með henni. Daggæsla felur í sér gæslu barna á tímabilinu frá kl. 7.00 til 19.00 á virkum dögum. Með heimahúsi er átt við íbúðarhúsnæði dagforeldra, þ.e. varanlegt húsnæði sem ætlað er til svefns, matar og daglegrar dvalar þeirra sem þar búa. Í undantekningartilvikum getur félagsmálanefnd/félagsmálaráð samþykkt að íbúðarhúsnæði sem sérstaklega er tekið á leigu undir daggæslu teljist heimahús enda aðbúnaður ekki lakari en ef um einkaheimili væri að ræða og að húsnæðið henti vel undir daggæslu.

Af hálfu Akureyrarbæjar fer skóladeild bæjarins með umsjón og eftirlit með daggæslu í heimahúsum. Sem lið í eftirlitshlutverki sínu hefur skóladeild, frá árinu 2003, gert reglulegar kannanir á viðhorfi foreldra sem nýta sér daggæslu í heimahúsum. Í þessum könnunum hefur verið reynt að svara eftirfarandi meginspurningu: *Hvernig uppfyllir daggæsla í heimahúsum á Akureyri ákvæði reglugerðar og hver er afstaða foreldra til þjónustunnar?* Markhópurinn eru foreldrar sem nýta sér þjónustu dagforeldra. Megintilgangur rannsókna er að afla upplýsinga um framkvæmd daggæslunnar og viðhorf foreldra til þjónustunnar m.a. til að viðhafa virkt eftirlit og vinna að auknum gæðum og þróun á þjónustutilboðinu.

Miðstöð skólaþróunar HA tók að sér að hafa umsjón með gerð spurningalista, fyrirlagningu og úrvinnslu úr honum og önnuðust Jenný Gunnbjörnsdóttir og Trausti Þorsteinsson framkvæmd könnunarinnar. Spurningalisti frá 2011 var endurskoðaður og gerðar á honum nokkrar breytingar. Listinn (sjá fylgiskjal) var þannig úr garði gerður að í honum fólust ákveðnir meginþæðir. Þessir þæðir lutu að vali foreldra á dagforeldri og samskiptum þeirra á milli, upplýsingum til foreldra af hálfu dagforeldris, þjónustu dagforeldris, árekstrum milli foreldra og dagforeldra, eftirliti og upplýsingagjöf af hálfu bæjarins um daggæslu og viðhorf foreldra til leikskóla. Spurningar voru settar fram í formi fullyrðinga sem svarendur áttu að taka afstöðu til með gefnum svarkostum og í ákveðnum spurningum var leitað opinna svara frá foreldrum.

Spurningalistinn var settur upp í vefforritinu Survey-Monkey og svöruðu foreldrar á vef. Skóladeild annaðist dreifingu spurningalistans. Sendur var tölvupóstur á alla foreldra sem áttu börn í daggæslu hjá dagforeldrum, þeim gefin upp vefslóð að spurningalistanum og beðnir um að svara honum. Alls fengu foreldrar 193 barna boð um að svara listanum. Könnunin var opin frá miðjum febrúar fram í miðjan mars 2013. Ef ekki hafði borist svar að tilteknum tíma liðnum var ítrekun send til foreldra um þátttöku í könnuninni. Alls bárust 115 svör eða frá 59,6% foreldrahópsins sem til var leitað. Það er talsvert minni svörun en árið 2011 en þá svöruðu 73,3% foreldra sem fengu boð um þátttöku.

Tölfræðileg greining gagna var unnin í tölfræðiforritinu Excel og gagnavinnsluforritinu SPSS en það gefur meðal annars kost á að greina marktækni breytinga milli ára og kanna tengsl milli svarþátta. Niðurstöður voru bornar saman við sambærilegar kannanir sem gerðar voru árin 2011 og 2010.

Öllum er þátt tóku í könnun þessari eða veittu á einn eða annan hátt liðsinni sitt við gerð hennar eru færðar kærar þakkir fyrir þátttökuna.

2 Daggæsla

Lög um leikskóla nr. 90/2008 kveða á um þjónustu við börn undir skólaskyldualdri. Þar segir að leikskólinn sé fyrsta skólastigið í skólakerfinu og hann sé fyrir börn undir skólaskyldualdri. Í 4. grein laganna er kveðið á um að sveitarfélög tryggi börnum leikskóladvöl og beri ábyrgð á heildarskipan og framkvæmd skólahlads í leikskólum sveitarfélagsins. Í 26. grein laganna segir að sveitarstjórn sé heimilt að setja reglur um innritun í leikskóla. Samkvæmt lögnum afmarkast efri mörk skólagöngu í leikskóla við sex ára aldur þegar grunnskólaganga hefst en engin ákvæði eru um neðri aldursmörk, þ.e.a.s. við hvaða aldur leikskólagangan getur hafist. Á grundvelli 26. greinar laganna (lög nr. 90/2008) hafa flest sveitarfélög hér á landi, þar á meðal Akureyrarbær sett mörkin um innritun í leikskóla við 18–24 mánaða aldur og leysa úr þjónustupörf foreldra yngri barna með því að greiða niður kostnað hjá dagforeldrum. Hvort barn fær skólavist í leikskóla við 18 mánaða aldur ræðst af því hvenær pláss losna í leikskólanum. Vandi leikskólanna snýst um það að skólaganga í grunnskóla er ekki miðuð við afmælisdag barnanna og því losna plássin ekki fyrr en skóli hefst hjá þeim að hausti.

Daggæsla í heimahúsum lýtur reglugerð nr. 907/2005. Samkvæmt henni fellur daggæslan undir yfirstjórn félagsmálaráðherra en leikskólinn heyrir undir menntamálaráðuneyti. Félagsmálanefnd eða félagsmálaráð í hverju sveitarfélagi ber almenna ábyrgð á velferð barna í sveitarfélaginu og skal sjá til þess að aðbúnaði barna sé ekki áfátt. Starfsemi dagforeldra er leyfis skyld en félagsmálanefnd/-ráð annast leyfisveitingu á grundvelli reglugerðar auk þess sem sækja þarf um til heilbrigðisnefndar sem úthlutar starfsleyfum í samræmi við reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002.

2.1 Daggæsla í heimahúsum á Akureyri

Dagforeldrar eru sjálfstæðir verktakar og ákvörðun um vistun barns hjá dagforeldri er ætíð á ábyrgð foreldra. Til að fá starfsleyfi til daggæslu í heimahúsum þarf að uppfylla skilyrði reglugerðar. Akureyrarbær hefur falið skólanefnd að annast úthlutun leyfa til daggæslu og hafa með hendi eftirlit með starfsemi. Þó svo að daggæslan sé ekki hluti af leikskólaþjónustunni hefur þótt heppilegra að hafa þetta hvort tveggja á sömu hendi innan bæjarkerfisins með sama hætti og var þegar yfirstjórn leikskólanna heyrði undir félagsmálanefnd bæjarins og félagsmálastjóra. Eftir að leikskólarnir voru gerðir að fyrsta skólastiginu þótti heppilegra að færa málaflökkinn í umsjá skólanefndar og þá var daggæslan látin fylgja með. Sú gerð auðveldaði einnig það að veita dagforeldrum almenna uppeldisráðgjöf en í reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum (nr. 97/2005) segir að bæjarfélagið geti ráðið sérstakan umsjónaraðila sem hefur með höndum ráðgjöf og umsjón með daggæslunni. Hann skal að öðru jöfnu hafa sérþekkingu á uppeldi barna. Á skóladeild bæjarins starfa leikskólafulltrúar sem uppfylla þessi skilyrði og því þótti hentugt að fella þetta að starfsemi skóladeildar.

Þegar umsókn berst Akureyrarbæ um leyfi til að gerast dagforeldri fer í gang ákvæðið ferli sem tryggja á að ekkert sé í bakgrunni eða sögu einstaklingsins sem hamlar því að hann geti tekið að sér daggæslu í heimahúsi. Umsækjandi þarf að leggja fram gögn s.s. læknisvottorð fyrir alla fjölskyldumeðlimi, meðmælabréf frá fyrri vinnuveitanda, námskeiðsgögn o.s.frv. Hann skal í öllum tilvikum leggja fram sakavottorð. Sama á við um alla aðra heimilismenn 18 ára og eldri. Gerð er úttekt á húsnæði umsækjanda m.t.t. daggæslu. Húsnæðið er skoðað með tilliti til stærðar, staðsetningar og afmörkunar leiksvæðis, hættu í húsnæðinu o.s.frv. Eldvarnareftirlitið tekur út húsnæðið m.t.t. eldvarna og flóttaleiða. Umsækjendur þurfa að kaupa tryggingu fyrir barnahópinn sem hann hyggst annast ásamt því að ganga frá tryggingum og heilbrigðisvottorðum fyrir gæsludýr s.s. hunda og ketti ef þau eru á heimilinu (Skóladeild Akureyrar, e.d.).

Skilyrði fyrir veitingu leyfis í upphafi er að umsækjandi hafi sótt námskeið ætlað nýjum dagforeldrum eða hafi aðra menntun sem skólanevnd telur ígildi þessa námskeiðs. Sveitarfélög eru ábyrg fyrir því að slík námskeið séu haldin. Félagsmálaráðuneytið leggur til námsgögn á þessum námskeiðum og samræmda námskrá fyrir allt landið. Daggæsluráðgjafi á Akureyri hefur annast skipulag námskeiðanna og ráðið kennara. Námskeiðin eru 70 tímar þar sem farið er yfir slyss á börnum og fyrstu hjálp, meðferð slökkvibúnaðar, þroska barna, mataræði og næringu, veikindi og sóttvarnir, leiki, söng, hreyfingu o.s.frv.

Standi námskeiðið umsækjendum ekki til boða þegar þeir hefja störf er þeim ráðlagt að taka skyndihjálparnámskeið og einu sinni á ári er haldið námskeið um eldvarnir, bæði fyrir nýja og eldri dagforeldra. Í þeim tilvikum sem umsækjandi hefur ekki tilskylda menntun getur sveitarfélagið hafnað umsókninni eða veitt umsækjanda bráðabirgðaleyfi til 6 mánaða í einu, eða fram að þeim tíma sem námskeið stendur umsækjanda til boða.

Allir dagforeldrar sem eru með daggæsluleyfi frá sveitarfélaginu hafa leyfisbréf. Ef leyfisbréfið er ekki sýnilegt foreldrum eru foreldrar hvattir til að leita eftir því (Skóladeild Akureyrar, e.d.). Á leyfisbréfinu kemur fram gildistími leyfis ásamt upplýsingum um fjölda barna sem leyfið gildir fyrir.

Akureyrarbær býður foreldrum og dagforeldrum upp á þríhliða þjónustusamning. Þessi samningur felur m.a. í sér að allir foreldrar greiða sama gjald fyrir gæslu, að hámarki 7 tíma virka daga. Til að fá niðurgreiddan daggæslukostnað þurfa foreldrar m.a. að hafa lögheimili á Akureyri og undirrita þjónustusamning við dagforeldra og Akureyrarbæ. Mikilvægt er að foreldrar kynni sér hvernig fyrirkomulag á endurgreiðslum er háttað í veikindum dagforeldra og barna þeirra eða í aukafriðum dagforeldra. Of algengt er að þessi atriði séu á reiki og geta því valdið óþarfa misskilningi og jafnvel óánægju. Akureyrarbær hefur ekki samið við dagforeldra um niðurgreiðslur vegna veikindadaga né heldur vegna frídaga dagforeldra. Á mánaðarlegu yfirlitsblaði sem foreldrar kvitta á hjá dagforeldri er því mikilvægt að allar upplýsingar um fjarveru dagforelda séu réttar.

Leyfilegur barnafjöldi hjá dagforeldri er allt að fjórum börnum samtímis fyrsta árið. Að því loknu er heimilt að veita leyfi fyrir einu barni til viðbótar. Þó þannig að eigi skulu vera á heimilinu fleiri en tvö börn undir eins árs aldri að jafnaði. Skörun á tímum barna í daggæslu er ekki heimilaður, nema milli kl. 12 og 13 á daginn.

2.2 Samskipti og skyldur

Þegar foreldrar velja dagforeldri er mikilvægt að haft sé í huga að þeir eru að kaupa þjónustu og gera kröfur um gæði. Á heimasíðu skóladeildar Akureyrarbæjar eru leiðbeiningar til foreldra um hvað þeir þurfa að hafa í huga þegar dagforeldri er valið. Fullt traust milli foreldra og dagforeldris er nauðsynlegt til að gæslan gangi vel og allir séu sáttir. Í því sambandi þarf að fara með allar upplýsingar sem dagforeldri fær um hag barns og einkahagi foreldranna sem trúnaðarmál. Ef foreldrum finnst eitthvað betur mega fara ber þeim að ræða það við dagforeldrið án tafar. Ef aðilum tekst ekki að leysa málið geta foreldrar snúið sér til daggæsluráðgjafa.

Áður en gæsla hefst er nauðsynlegt að dagforeldri fari yfir með foreldri hver sé ábyrgð hvors aðila um sig meðan á gæslunni stendur. Dagforeldri þarf að fá greinargóðar upplýsingar um barnið og ákveða aðlögunartíma og gæslutíma í samráði við foreldri. Foreldrar eiga að fá að skoða aðstæður inni sem úti og upplýsingar um hvernig dagforeldrið hagar starfi sínu. Skal dagforeldri gera foreldrum grein fyrir aðstæðum á heimilinu sem geta haft áhrif á líðan barns (Reglugerð um daggæslu í heimahúsum nr. 907/2005).

Aðlögun barns hjá dagforeldri getur skipt sköpum og hana þarf að miða við þarfir barnsins. Barnið er að fara í nýjar aðstæður og þarf að deila athyglinni með allt að fjórum öðrum börnum. Börn bregðist misjafnlega við þessum breytingum, sum eru mjög ósátt til að

byrja með meðan önnur una glöð við sitt. Það getur að sjálfsögðu verið misjafnt hversu langan tíma aðlögunin tekur.

Samkvæmt reglugerð (nr. 907/2005) er dagforeldri skylt að stuðla að öryggi barna í hvívetna. Aldrei má skilja börn í daggæslu eftir eftirlitslaus. Geti dagforeldri af einhverjum ástæðum ekki unnið að daggæslunni þarf að tilkynna það foreldrum þegar í stað en foreldrar bera ábyrgð á barni þann tíma sem dagforeldri getur ekki sinnt starfi sínu.

2.3 Eftirlit af hálfu bæjarfélagsins

Dagforeldrar lúta eftirliti af hálfu sveitarfélagsins. Sérstakur eftirlitsaðili fer þrisvar sinnum á ári í óboðaðar heimsóknir á heimili dagforeldris og kannar aðstæður hverju sinni. Þá kannar hann ástand öryggismála, hver fjöldi barna er í gæslu og hvort dagforeldrar séu með gildar slysátryggingar fyrir börnin (Akureyrarbær, e.d.). Auk þessa skila dagforeldrar til skóladeildar yfirliti í hverjum mánuði yfir börn í þeirra umsjá, með staðfestingu foreldra. Með undirskrift sinni eru foreldrar að staðfesta umsaminn dvalartíma og/eða forföll dagforeldra í mánuðinum. Mánaðarleg skil þessa lista ásamt þríhliða þjónustusamningi eða samþykkttri niðurgreiðslubeiðni er forsenda þess að niðurgreiðsla sé veitt (Akureyrarbær, e.d.). Eftirlit er einnig í höndum dagforeldra og foreldra. Dagforeldri ber að sjá til þess að allur aðbúnaður sé í samræmi við lög og reglugerðir en verði foreldrar varir við að umönnun og aðbúnaði barnsins sé ábótavant er þeim skylt að tilkynna það umsjónaraðila/daggæslufulltrúa sbr. reglugerð um daggæslu barna í heimahúsi nr. 907/2005.

Skóladeild Akureyrar annast fræðslu og ráðgjöf til dagforeldra. Ráðgjöf og stuðningur til dagforeldra er í formi samtala, heimsókna og fræðslu. Daggæslufulltrúi heimsækir hvert dagforeldri a.m.k. einu sinni á ári. Einnig hafa dagforeldrar aðgang að daggæslufulltrúa með viðtölum og símtölum. Foreldrar hafa aðgang að daggæslufulltrúa með viðtölum og símtölum ásamt því sem félög dagforeldra og / eða einstakir dagforeldrar og foreldrar hafa fundað með daggæslufulltrúa til að hann geti kynnt starf sitt og eftirlitshlutverk bæjarins (Akureyrarbær, e.d.).


3 Niðurstöður könnunar

Í þessum kafla er gerð grein fyrir niðurstöðum úr svörum við spurningum í spurningalista. Niðurstöðum er skipt í undirkafla er lúta að vali á dagforeldri, upplýsingum af hálfu dagforeldris, mati á þjónustu dagforeldris, ágreiningsmálum, upplýsingum og eftirliti skóladeildar og loks afstaða til leikskóla.

Foreldrar 193 barna fengu boð með tölvupósti um þátttöku í könnuninni. 115 þeirra svöruðu könnuninni eða 59,6%. Þátttakan nú er talsvert minni en hún var árið 2011 en þá svöruðu 73,3% foreldra sem fengu boð um þátttöku. Einu sinni var sent út ítrekunarbréf á foreldra um að svara. Í þremur tilfellum svöruðu feður spurningalistanum en annars voru það mæður sem svöruðu.

3.1 Val á dagforeldri


Foreldrar voru beðnir um að tilgreina hvar þeir hefðu aflað sér upplýsinga um dagforeldra þegar kom að því að leita að daggæslu í heimahúsi og gátu foreldrar merkt við fleiri valmöguleika en einn. Niðurstöður benda til að foreldrar hafi ekki valið að leita upplýsinga um dagforeldra eftir einni leið heldur fleiri leiðum (Mynd 1).



Mynd 1: Hvar upplýsinga var leitað um dagforeldri 2013 og 2011.

Algengast virðist vera að foreldrar afli sér upplýsinga um dagforeldra með öðrum hætti en frá bæjarfélaginu. Í einungis 36% tilvika leituðu foreldrar upplýsinga á skóladeild eða á upplýsingavef Akureyrar. 17% foreldrar þekktu til dagforeldris í gegnum eldra systkini en 58% foreldra kváðust hafa aflað upplýsinga annars staðar frá eða með öðrum hætti. Ekki eru marktækar breytingar frá síðustu könnun hvert foreldrar sækja upplýsingar að öðru leyti en því að mun færri segjast nú sækja upplýsingar á vef Akureyrar en það gerðu árið 2011 og er munur marktækur ($\chi^2(1, n=241)=4,8; p<0,028$) en þá voru mun fleiri sem kváðust hafa sótt upplýsingar á vef Akureyrarbæjar og færri sem sögðust hafa leitað annað.


Það sem foreldra skiptir mestu máli við val á dagforeldri eru viðmót og persónulegir eiginleikar í fari þess (Mynd 2).



Mynd 2: Það sem skiptir mestu máli við val á dagforeldrum. Niðurstöður 2013 og 2011.

54% foreldra segja viðmót og persónuleika dagforeldris ráða mestu við val á dagforeldri. Fjórðungur foreldrahópsins sem svarar segir að orðspor dagforeldris skipti hann mestu máli en 13% segja að hann hafi ekkert annað val haft. Í þremur könnunum frá árinu 2010 virðist afstaða foreldra hafa breyst eilítið og er munur marktækur ($\chi^2(8, n=345)=21,4; p<0,006$).

Leitað var upplýsinga hjá foreldrum um það hvort þeir hefðu kannað hvort dagforeldri væri með gilt starfsleyfi, hvort viðkomandi hefði heimsótt dagforeldrið til að kanna aðstæður og hvort viðkomandi þekkti persónulega dagforeldrið sem hann valdi (Mynd 3).




Mynd 3: Þjónustukaup af dagforeldri.

Flestir foreldranna kváðust hafa heimsótt dagforeldrið og kannað aðstæður þar áður en barnið var vistað hjá því. 70% foreldra könnuðu hvort dagforeldrið hefði gilt starfsleyfi en 25% foreldra kváðust hafa þekkt dagforeldrið persónulega sem þeir völdu barni sínu. Afstaða foreldra nú til ofangreindra fullyrðinga er mjög hliðstæð og fram kom í könnun 2011 að öðru leyti en að ívið fleiri segjast nú hafa leitað eftir því hvort dagforeldrið hefði gilt starfsleyfi og munar um sex prósentustigum.

3.2 Upplýsingar af hálfu dagforeldris


Til að foreldrar séu sem best upplýstir um ýmis réttindi og skyldur dagforeldra og stöðu sína gagnvart þeim leggur skóladeild Akureyrarbæjar áherslu á að foreldrar geri formlegan samning við dagforeldra og kynni sér vel samningsformið (Mynd 4).



Mynd 4: Samningur foreldris við dagforeldri.

Leitað var upplýsinga um hversu vel foreldrar fylgdu eftir þessum tilmælum bæjarins og kemur í ljós að 72% foreldra segist hafa undirritað slíkan samning við dagforeldri en 28% kveðst ekki hafa gert það. Þetta er nokkur breyting frá könnun sem gerð var árið 2011 en þá kváðust 80% foreldra hafa gert samning við dagforeldri og í könnun sem gerð var árið 2010 sögðust 87% foreldra hafa gert samning við dagforeldra. Allt bendir til að dragi úr samninga-gerð milli foreldra og dagforeldra frá ári til árs þar sem munur telst þó marktækur ($\chi^2(2, n=356)=7,4; p=0,025$).

Meirihluti foreldra segist hafa fengið upplýsingar um greiðslur vegna frídaga og veikindadaga dagforeldris þegar barnið hóf vistun og er niðurstaða svipuð og árið 2011 og 2010. Jafnframt segja flestir að dagforeldrar hafi kynnt þeim reglur og samþykktir sem snúa að daggæslu í heimahúsi (Mynd 5).




Mynd 5: Upplýsingagjöf dagforeldris.

Ekki er að sjá neina tilhneigingu í þá átt að foreldrar séu ekki upplýstir um greiðslur vegna frídaga og veikinda dagforeldris. Þegar viðhorf foreldra í þremur könnunum til þessarar spurningar er borið saman kemur í ljós að ekki er marktækur munur á afstöðu foreldra ($\chi^2(2, n=362)=0,8; p=0,659$) árin 2013, 2011 og 2010.

Marktæk tengsl ($\chi^2(2, n=114)=10,8; p=0,005$) eru í afstöðu foreldra til spurningarinnar um upplýsingagjöf dagforeldris um greiðslur vegna frídaga og mats foreldra á þjónustu dagforeldris. Þeir sem segjast hafa fengið upplýsingar um greiðslur vegna veikindadaga dagforeldris þegar barnið hóf vistun eru mun líklegri til að segjast vera mjög ánægðir með þjónustu dagforeldris.

3.3 Þjónusta dagforeldris


Ánægja virðist vera meðal foreldra með þjónustu dagforeldris og virðist hún fara vaxandi frá sambærilegri könnun 2011 (Mynd 6).



Mynd 6: Þjónusta dagforeldris.

98% foreldra er þátt tóku segjast mjög eða frekar ánægð með þjónustu dagforeldris barnsins síns en sambærileg afstaða árið 2011 var 92% og árið 2010 var hún 95%. Munur telst hins vegar ekki marktækur ($\chi^2(8, n=364)=10,6; p=0,223$).

Foreldrar voru beðnir um að taka afstöðu til einstakra þátta í þjónustu dagforeldra með því að svara hversu ánægðir þeir væru með tiltekinn þátt. Í engu tilvikanna lýstu foreldrar sig mjög óánægða (Mynd 7).




Mynd 7: Ánægjulegast við þjónustu dagforeldra.

Eins og sjá má á mynd 5 er afar lítið um það að foreldrar lýsi sig óánægða með einstaka þætti í þjónustu dagforeldra. Helst er það aðstaða úti sem foreldrar gera athugasemdir við en 7% foreldra sem þátt tóku segjast óánægðir með hana. Eftir sem áður eru 87% ánægð með útiaðstöðuna sem dagforeldrið bauð upp á.

Foreldrum var boðið upp á að nefna aðra þætti sem þeir væru sérstaklega ánægðir með eða óánægðir. Tólf svör bárust og meiri hluti þeirra voru á jákvæðu nótunum þótt ábendingar bárust einnig um annað:

- Ég er mjög ánægður með þá dagforeldra sem við fengum. Þau eru frábær og óhætt að mæla með þeim.
- Mjög persónuleg samskipti, jákvæð upplifun barna.
- Hvað dagforeldrarnir eru hlýir og er virkilega annþ um barnið mitt.
- Gæti einfaldlega ekki verið ánægðari með dagforeldri barnsins míns.
- Hún skapar þægilegt andrúmsloft svo barnið er alltaf öruggt að koma til hennar.
- Sérstaklega ánægð að starfi tvö saman. Okkur finnst mikið öryggi í því, og skiljum í raun ekki að fólk megi vinna eitt með ung börn. Hvað ef dagforeldrið fær, jah, t.d. heilablæðingu?
- Myndi vilja sjá upplýsingatöflu í forstofu um hvernig dagurinn var og hvað þau fengu að borða.
- Stundum mætti útivera vera meiri og tilmæli um svefn barnsins vera virt.
- Mér finnst þetta tiltekna dagforeldri ekki sýna starfi sínu nægilegan áhuga og talar í sífellu um að þurfa að taka frí reglulega sem það hefur gert þó nokkuð af. Búin að sækja um hjá annarri dagmömmu.
- Veit ekki hvað átt er við í spurningunni um viðfangsefni.
- Jákvætt viðmót og reglur hennar... menntun og fræðsla sem við fengum.
- Alltaf mjög hlýleg í öllu viðmóti við barnið, sýnir því mikla umhyggju og alúð.


Almennt virðast foreldrar sammála um að það fæði sem börnum stendur til boða hjá dagforeldrum sé fjölbreytt og virðist ánægja foreldra heldur aukast með þennan þátt í starfsemi dagforeldra (Mynd 8).



Mynd 8: Fjölbreytni fæðis hjá dagforeldrum.

96% foreldra er mjög sammála eða frekar sammála því að dagforeldrið bjóði upp á fjölbreytt fæði á móti 93% árið 2011 og 87% árið 2010. Munur er marktækur á svörum foreldra ($\chi^2(8, n=362)=21,3; p<0,006$).


Langflestir foreldrar svara því til að barn þess sé ánægt í daggæslunni (Mynd 9).



Mynd 9: Ánægja/óánægja barns í daggæslunni.

Afstaða foreldra til þessarar spurningar nú er mjög í samræmi við niðurstöður frá 2011 að öðru leyti en því að nærri 10% fleiri segja nú að barnið sé mjög ánægt. Munurinn telst þó ekki marktækur ($\chi^2(3, n=239)=3,8; p=0,284$).

Svipaða sögu er að segja um afstöðu foreldra til fullyrðingarinnar að dagforeldrar leggi sig fram um að koma til móts við þarfir þeirra og væntingar. Langflestir halda því fram að dagforeldrar leggi sig fram um að koma til móts við þarfir og væntingar foreldra (Mynd 10).




Mynd 10: Viðleitni dagforeldra til að koma til móts við þarfir og væntingar foreldra.

96% foreldra segja að dagforeldrar leggi sig mjög vel eða frekar vel fram um að koma til móts við þarfir þeirra og væntingar. Þetta hlutfall er svipað því og það var 2010 en árið 2011 var það nokkru lægra. Munurinn í afstöðu foreldra í þessum þremur könnunum telst ekki vera marktækur ($\chi^2(8, n=363)=10,5; p=0,229$). Það þarf hins vegar e.t.v. ekki að koma á óvart að marktæk tengsl eru á milli afstöðu foreldra til þjónustu dagforeldra og viðleitni þeirra til að koma til móts við þarfir og væntingar foreldra ($\chi^2(8, n=114)=76,1; p=0,000$).

3.4 Árekstrar

Aðeins tveir foreldrar játtu því að ágreiningur hefði komið upp á milli þeirra og dagforeldra. Í báðum tilfellum sögðu þeir að vel hefði gengið að leysa úr þeim ágreiningi.


Forföll dagforeldra geta verið vandamál fyrir foreldra vegna atvinnu þeirra eða áforma. Leitað var eftir afstöðu foreldra til þess hvort forföll dagforeldris hefðu komið sér illa fyrir þau (Mynd 11).



Mynd 11: Forföll meðal dagforeldra.


Af niðurstöðum má ráða að forföll dagforeldris sé ekki algennt vandamál. Aðeins 5% foreldra segir að það gerist mjög oft að forföll dagforeldris komi sér illa en 37% segja að það gerist mjög sjaldan. 58 segja að það gerist aldrei. Niðurstaða nú er mjög sambærileg könnun frá 2011 en munur telst ekki marktækur ($\chi^2(2, n=240)=2,4; p=0,308$). Tengsl eru á milli ánægju foreldra með þjónustu dagforeldra og forfalla ($\chi^2(4, n=114)=33,5; p<0,000$). Foreldrar sem segjast ánægðir með þjónustu dagforeldra eru líklegri til að segja að forföll dagforeldra séu ekki vandamál.

Almennt virðast foreldrar vel meðvitaðir um hvert þeir eiga að leita ef þeir hafa athugasemdir við þjónustu dagforeldris (Mynd 12).



Mynd 12: Veit hvert á að leita með athugasemdir.

Langflestir foreldra (83%) segjast vita hvert þeir eigi að leita ef þeir hafa athugasemdir við þjónustu dagforeldris en lítill hópur (17%) segist ekki vita þetta. Einungis 5% segjast hins vegar hafa nýtt sér það að koma athugasemdum á framfæri en það er sama hlutfall og árið 2011. Svo virðist hins vegar að frá 2010 hafi dregið úr vitund foreldra um hvert þeir eiga að leita ef þeir hafa athugasemdir við þjónustu dagforeldris frá 2010 (Mynd 13).




Mynd 13: Vitund foreldra um hvert eigi að leita með athugasemdir 2010–2013.

Í sambærilegri könnun árið 2010 töldu 92,7% þátttakenda sig vita hvert ætti að leita með athugasemdir við þjónustu dagforeldris og árið 2011 hafði þessi tala lækkað í 85,7%. Nú árið 2013 er þessi tala komin í 83,5%, lækkað um nær tíu prósentustig á þremur árum. Munurinn telst þó ekki tölfræðilega marktækur ($\chi^2(2, n=359)=2,5; p=0,289$).

3.5 Eftirlit af hálfu bæjarins og upplýsingagjöf


Dagforeldrar lúta ákveðnu eftirliti af hálfu bæjaryfirvalda og sækja þangað starfsheimild sína. Ríflega helmingur svarenda eða 56,5% segjast vita hvernig eftirliti af hálfu skóladeildar með dagforeldrum er háttað en 43,5% foreldra kveðst ekki vita það. Þeir sem svöruðu því til að þeir vissu hvernig eftirlitinu væri háttað af hálfu skóladeildar voru beðnir um að leggja mat sitt á eftirlitið (Mynd 14).



Mynd 14: Eftirlit af hálfu skóladeildar með dagforeldrum.

Heldur fleiri foreldrar (75) treystu sér til að leggja mat á eftirlitið en þeir voru sem sögðust vita í hverju það væri fólgið (65) svo niðurstaðan gefur ekki alveg rétta mynd. Af þeim 75 sem lögðu mat á eftirlitið kváðu 5% það fullnægjandi en 31% að það væri gott. Talsverð breyting er á afstöðu foreldra til eftirlitsins frá árinu 2011 en þá sögðu 9,7% þeirra sem til þess þekktu að það væri fullnægjandi og 51,4% að það væri gott. Árið 2010 sögðu 37% að eftirlitið væri mjög gott og 42% að það væri gott. Svarmöguleikarnir það ár voru ekki alveg þeir sömu en þeir sem þá töldu eftirlitið mjög gott eða gott voru 79% sem er nokkuð lægra hlutfall en þeirra sem svöruðu árið 2011 fullnægjandi eða gott (61%) og nú árið 2013 er þetta hlutfall komið niður í 36%.

Á heimasíðu Akureyrarbæjar er að finna ýmsar upplýsingar frá daggæsluráðgjafa um dagforeldra. Í spurningalista var spurt hvort foreldrar hefðu nýtt sér þessar upplýsingar (Mynd 15).




Mynd 15: Notkun foreldra á upplýsingum um dagforeldra á vefsíðu Akureyrar.

90% þeirra er svörðu segjast hafa nýtt sér upplýsingarnar. Þetta sýnir örlítið meiri notkun á vefnum en fram kom í könnuninni 2011 og 2010.

Þeir fáu foreldrar sem ekki kváðust hafa nýtt sér upplýsingavefinn voru beðnir um að svara hvers vegna þeir hefðu ekki nýtt sér vefinn. Fimm þeirra svörðu því til að þeir vissu ekki af upplýsingunum á vefsíðu bæjarins. Aðrir fimm svörðu því til að þeim myndist þægilegra að leita upplýsinga með öðrum hætti og eitt foreldri kváðst eiga erfitt með að nýta sér upplýsingar á vef.

Þeir sem hins vegar kváðust hafa nýtt sér upplýsingarnar voru beðnir um að taka afstöðu til þess hversu ítarlegar eða fábreyttar þeim myndist þær vera (Mynd 16).




Mynd 16: Afstaða foreldra til upplýsinga um dagforeldra á heimasíðu Akureyrar.

Þegar borin er saman afstaða foreldra í þremur sambærilegum könnunum 2010, 2011 og 2013 virðist æ færri foreldrum finnast upplýsingarnar ítarlegar. Líðlega 60% foreldra er svörðu könnuninni 2013 eru ánægðir með þær upplýsingar sem á síðuna er hægt að sækja og segja þær ítarlegar. 24% segja þær fábreyttar en 13% treysta sér ekki til að leggja mat á. Þeir sem segja upplýsingarnar ítarlegar eru nokkru færri nú en árið 2011 en þá sögðu um 69%

foreldra upplýsingarnar ítarlegar og árið 2010 var þetta hlutfall 74%. Marktækur munur er á afstöðu foreldra að þessu leyti milli ára ($\chi^2(8, n=321)=16,9; p<0,031$).

Almennt virðast foreldrar nokkuð sáttir við þann tíma sem þeir fá fyrir börn sín hjá dagforeldrum en þó er um fjórðungur svarenda sem láta í ljós óánægju með vistunartíma. (Mynd 17).



Mynd 17: Hvernig tími hjá dagforeldrum hentar foreldrum.

79% foreldra svara því til að vistunartími hjá dagforeldrum henti þeim vel. Þótt þessi niðurstaða verði að teljast fremur jákvæð er samanburður við árið 2011 heldur óhagstæður en þá sögðu 85% tímann henta vel og er munur marktækur ($\chi^2(3, n=240)=11,8; p<0,008$). Eins og þá kvarta foreldrar helst yfir því að vinnutími þeirra falli ekki að vistunartíma hjá dagforeldri og þeir þyrftu að bjóða upp á meiri sveigjanleika.


1. Dagmóðirin er ekki með kortersgjald, sem myndi koma sér vel.
2. Hún er með vinnutíma frá 8–15 og ég þyrfti helst að hafa frá 7.45–16.15 en hún var sú eina sem mér leist á sem var með laust pláss nálægt mínu heimili.
3. Dagforeldri er frá 8–15 en ég vinn frá 9–18 (í verslun) ég hefði viljað alla vega til kl 16 eða jafnvel 17.
4. Ekkert val með tímana, annaðhvort kaupir maður fulla dagvistun eða enga.
5. Er í vinnu frá 8–17 og daggæslan er bara frá 8–16. Þannig ég mæti alltaf seint í vinnuna.
6. Ekki sami og vinnutími.
7. Er að vinna til 16 en dagforeldri er aðeins til 15:15 svo þetta kallar á mikið púsl og vinnutap.
8. Þegar ég var í fullu starfi þá hentaði þetta vel en svo minkaði ég vinnuna en get ekki minkað tíman hjá dagforeldrinu af því að ég þarf alltaf að borga til 4!!
9. Því hún er bara til kl 15 og ég vinn til 16.
10. Vinnum bæði 8–16 og það hefði verið betra að hafa 15 mín fyrir og eftir.
11. Ég byrja að vinna klukkan átta þrjá morgna í viku en dagmóðirin mín byrjar einnig klukkan átta. Það myndi henta mér betur að hún myndi byrja klukkan korter í átta.
12. Tíminn byrjar ekki fyrr en kl. 8 og þá á ég að vera mætt í vinnu og tímanum lýkur kl. 15 en ég vinn til 16. Að þessu leyti þá er ég ekki ánægð.
13. Myndi vilja hafa meiri sveigjanleika, ekki alltaf fasta tíma.
14. Akureyrarbær niðurgreiðir aðeins 7 tíma á dag hjá dagforeldrum svo vistunartíminn er bara frá 8–15 en vinnutími okkar er yfirleitt til kl.16.
15. Það er aðeins boðið upp á 6,5 klst. vistun en foreldrar vinna meira og þurfa að redda pössun og að ná í barnið.
16. Vistunarplássíð er frá 8–15 en við vinnum bæði frá 8-16.
17. Það myndi henta mér best ef hægt væri að hafa sveigjanlegri tíma en okkar dagforeldri vinnur til kl. 14 og stundum vantar okkur lengri tíma tímabundið en getum í raun mætt seinna að morgni seinast kl 10. en þurfum oft á lengri tíma fram á daginn að halda. Svo það væri gott að geta haft möguleika á að kaupa aukatíma.

18. Hún hættir kl 15:00 en við ættum að vera í vinnu til 16:00.
19. Vinnutími minn er lengri en dagforeldris.
20. Ég þarf bara 7 tíma dagvistun þar sem að ég er í hlutastarfi, sem ég valdi til að eiga meiri tíma með börnunum mínum, en þarf að greiða fyrir 8 tíma þar sem það er vinnutími dagforeldris og 8. tíminn er ekki niðurgreiddur svo það er mjög dýrt fyrir mig sérstaklega með tilliti til þess að ég er í hlutastarfi.
21. Þyrfti helst lengri tíma en í boði er vegna vinnu.
22. Dagforeldri vinnur ekki lengur en til kl. 15 á daginn, en langflestir í fullri dagvinnu vinna til kl. 16. Oft erfitt að brúa þennan klukkutíma.
23. Vantar korter fyrir og korter yfir en það er ekki í boði. Ætlaði að fá korter hjá hinni sem starfar með henni og sagt í upphafi að það væri ekkert mál, svo var ég ein að nýta korterið og hún hætti við eftir tæpan mánuð sem kom sér mjög illa fyrir mig.
24. Ég verð að borga fulla gæslu 8-16 en hef ekki þörf fyrir gæslu svo lengi. Ég hef ekkert val, annað hvort tek ég fullt plássi eða hef ekkert pláss. Fáir sem bjóða gæslu til kl 14.

Afstaða foreldra til þess hvernig tími hjá dagforeldrum hentar þeim hefur marktæk tengsl ($\chi^2(4, n=114)=20,8; p<0,000$) við afstöðu þeirra til ánægju með þjónustu dagforeldris. Þeir sem segja að tími hjá dagforeldrum henti þeim vel eru mun líklegri til að svara því til að þeir séu ánægðir með þjónustu dagforeldris.

3.6 Dagforeldri – leikskóli

Afstaða foreldra til þess hvort þeir hefðu kosið að koma barni sínu í leikskóla er nokkuð skýr. Þriðjungur foreldra neitar því en tveir þriðju hlutar svara játandi (Mynd 18).




Mynd 18: Leikskóli í stað daggæslu.

Árið 2011 var niðurstaðan sú að afstaðan var nokkuð jöfn með og á móti. Ef litið er til sambærilegra kannana árin 2010–2011 kemur í ljós æ meiri vilji foreldra til að koma börnum sínum í leikskóla fremur en í daggæslu til dagforeldris. Árið 2010 játtu 41% foreldra því að þeir hefðu fremur kosið leikskóla, 2011 52% og 2013 er þetta hlutfall komið í 65%. Munur á milli kannananna er marktækur ($\chi^2(2, n=359)=13,5; p<0,001$). Ef afstaða foreldra nú til þess hvort þeir hefðu kosið að koma barni sínu í leikskóla er borin saman við afstöðu þeirra til þess hversu vel tími hjá dagforeldrum hentaði þeim kemur í ljós að tengsl eru ekki marktæk ($\chi^2(2, n=113)=5,7; p<0,057$). Því er ekki hægt að fullyrða með 95% vissu að því lakar sem vistunartími hjá dagforeldri hentar foreldrum því frekar hefðu þeir kosið að koma barni sínu á leikskóla.

Áhugavert er að skoða tengslin á milli afstöðu foreldra til vistunartímans sem dagforeldrar bjóða og til þjónustu dagforeldra. Tengsl á milli þessara tveggja breyta er marktæk

($\chi^2(4, n=112)=20,8$; $p<0,000$) sem merkir að því lakar sem vistunartíminn hjá dagforeldri hentar foreldrinu því óánægðari eru foreldrar með þjónustu dagforeldra. Hins vegar er ekki að finna marktæk tengsl á milli afstöðu foreldra til vistunartíma hjá dagforeldri og leikskóla í stað daggæslu ($\chi^2(2, n=113)=5,7$; $p<0,057$). Mikill meirihluti foreldra eða 91% kváðust myndu vilja eiga þess kost að heimsækja leikskólann sem þeir hygðust velja áður en þeir sæktu um.

Í könnuninni var leitað upplýsinga um hvað skipti máli fyrir foreldra þegar kæmi að því að velja um leikskóla fyrir barn þeirra. Hversu miklu/litlu máli skipti nálægð við heimili, stefna og starfshættir leikskóla og orðspor hans (Mynd 19).



Mynd 19: Mikilvægir þættir við val á leikskóla.

Í stuttu máli sagt skiptu allir þessir þrjú þættir miklu máli fyrir foreldra. Mestu máli skipti þó orðspor leikskólans en 93% sögðu það skipta miklu máli. Því næst að leikskólinn væri nálægt heimili þeirra (85%) og loks stefna og starfshættir skólans sem 81% sögðu að skiptu miklu máli. Þessi niðurstaða er nánast alveg sú sama og niðurstaða úr sambærilegri könnun 2011.

3.7 Athugasemdir frá foreldrum

Í lok könnunarinnar var foreldrum boðið upp á að tjá sig um annað sem þeir vildu koma á framfæri. 37 foreldrar nýttu þennan kost. Flestar athugasemdirnar vörðudu leikskólann svo og vistunartíma hjá dagforeldrum og samskipti. Foreldrar voru gagnrýnir á að leikskólinn tæki ekki við yngri börnunum en við tveggja ára aldurinn og skorti á meiri sveigjanleika við innritun barna.

Dæmi um athugasemdir sem snúa að samskiptum foreldra og dagforeldra eða aðstöðu hjá dagforeldrum:

1. Dagforeldrið sem mitt barn er hjá er ansi gott, aðstaða þó ekki nógu góð, það var ansi erfitt á tímabili þegar dagforeldrið tók 4 ný börn á sama tíma og fór ekki út með börnin í ca. 3 vikur! Eins finnst mér orðin þó nokkur munur á þroska á börnunum sem þar eru og mínu barni, Mitt barn er langelst og nú býð ég bara eftir leikskólaplássi! Barnið mitt verður 2 ára í maí og eins og ég sagði er þónokkur munur á börnunum og mitt barn þarf orðið meiri örvun. Eins hef ég ekki verið alveg nógu ánægð hvað barnið mitt fer ekki nógu oft út, en ég veit svosem ekki hvort, Akureyrarbær hafi einhverja tillögu að því.

2. Vil koma á framfæri ánægju okkar með ... dagmóður í Hún er einstaklega góð við dóttur okkar og hefur brugðist afar vel við beiðnum okkar. Það er ómetanlegt að vita af barninu sínu ánægðu þegar foreldarnir þurfa að vinna.
3. Við byrjuðum hjá annarri dagmömmu sem var engan veginn starfi sínu vaxin, en við vorum heppin og það losnaði hjá þessari sem við erum hjá núna og er hún að sinna sinni vinnu.
4. Þegar ég merkti við að upp hafi komið ágreiningur þá er ég ekki að meina ósætti. Bara að ég vildi ekki að barnið fengi sumt að borða sem boðið var uppá.
5. Sérlega ánægð með aðstöðu sem dagforeldrar hafa í ... :)

Dæmi um athugasemdir sem varða leikskólamál og vistunartíma:

6. Það er með öllu ótækt að trúarstarf eigi sér stað innan leikskóla bæjarins. Skóladeild segir starf allra leikskólanna vera eins, en í leikskóla hvítasunnnumanna er til að mynda messa á hverjum morgni. Það á ekki að bjóða sæmilega greindu fólki upp á svona rugl! Allt í lagi að reka einkaskóla með sérstefnur sem fólk getur þá valið, en það er hreint og beint mannréttindabrot að fólk í vandræðum neyðist til að senda barnið sitt á stað þar sem jafn umdeildum líffskoðunum er haldið í heiðri - og það fyrir allra augum! Mikil skömm af þessu! Stjórn fjölskyldubæjarins Akureyri þarf að skoða forgangsröðun sína alvarlega.
 Annað, þó svo að við séum ánægð hjá okkar dagforeldrum núna, þá lentum við í miklum árekstrum við fyrsta foreldrið sem við komumst að hjá. Þar skapaðist alvarlegt vandamál með traust og við höfðum samband við skóladeild. Þar var því miður aðeins tæknilega hjálp að fá (um réttindi okkar), og í raun skynjaði ég að við værum ekki þau fyrstu sem værum óánægð þarna. Sú reynsla var mjög erfið foreldrum með 9 mánaða gamalt barn í tilheyrandi tilfinnanlegu ójafnvægi. Í raun erum við ósammála kerfinu eins og það er í dag, það er dagforeldrum í verkþöku í heimahúsum. Þá er svolítið skritið að þurfa að liggja í símanum og nota sambönd hingað og þangað til að fá pláss - hljómar eins og Hollywood! Við teljum framtíðina vera í litlum vöggudeildum leikskóla, þar sem tekið væri á móti 9 mánaða til 2 ára börnum. Dagforeldri gætu vissulega enn starfað, en niðurgreiðsla væri háð því hvort pláss væri á vöggudeildum. Skattarnir okkar eiga að fara í sameiginlegar og samræmdar lausnir, ekki safn sértækra lausna sem deilast svo hipsum happs á lýðinn.
 Takk fyrir möguleikann á að koma skoðunum mínum á framfæri. Ég gerði það undir nafni með glöðu geði, en vil ekki eyðileggja könnunina.
7. Strákurinn minn var 2ja ára í lok janúar, en ég hef ekki ennþá fengið neitt bréf um hvenær áætlað sé að það losni fyrir hann leikskólapláss. Ég hefði viljað fá póst t.d. um áramótin síðustu um hvort það sé líklegt að hann komist inn í sumar/haust eða ekki fyrir en eftir áramót. Ég er mjög ánægður með dagforeldrana sem strákurinn er hjá en ég hefði samt sem áður viljað fá einhverjar upplýsingar um áætlað leikskólapláss.
8. Mér finnst að það ætti að taka upp hverfisprósentu þegar kemur að því að börn eru tekin inn á leikskóla, þ.e. að börnin sem búa í hverfinu sem leikskólinn er í eigi að hafa forgang í hann. Finnst það frekar ömurlegt ef að barnið manns kemst ekki inn í hverfisleikskólann og þarf að keyra "langar" vegalengdir til að komast í þann næsta.
9. Það vantar sárlega ungbarnaleikskóla hér í bænum. Og stundum væri gott að geta valið fleiri en einn kost í sumum spurningunum. En gott og þarft framtak hjá ykkur, takk fyrir:o).
10. Myndi vilja sjá ungbarnaleikskóla á Akureyri.
11. Sameiningar á leikskólum bæjarins eru út í hött og ætti að vera val um hvort fólk vilji stóra leikskóla eða litla.
12. Mér finnst of seint að barn sé að komast að á leikskóla eftir tveggja ára!! og að aðgangur að dagforeldri sé bundin við ákveðnar árstíðir því fæðingarorlof er ekki alltaf þannig að það stemmi við og þá lenda foreldrar í vandræðum.
13. Ég er mjög ánægð með alla þá þjónustu sem ég hef fengið hjá dagforeldri barnsins míns en samt sem áður er ég á því að ungbarnaleikskólar henti flestum mikið betur bæði vegna kostnaðar og öryggis fyrir bæði börn og dagforeldra.
14. Dagforeldri barnsins mín heitir ... & langar mig að koma á framfæri að hún er alveg frábær. Erum rosalega ánægð með hana. Allt ekkert mál og hún tekur mikið tillit til þarfa barnanna. Er yndisleg og ofurgóð við börnin.
15. Það vantar verulega betri kost fyrir dagvistun ungra barna en þetta dagforeldradæmi í heimahúsum. Alltof lítið úrval og maður neyðist til að taka skásta kostinn fyrir barnið sitt þó svo að maður sé ekki ánægður. Það er líka dýrt að hafa barn hjá dagforeldri og maturinn mjög dýr, 18.000 kr. á mánuði fyrir ársgamalt barn er meira en ég borga fyrir hádegismat handa tveimur börnum í grunnskóla, sem borða töluvert meira. Það er líka mjög fúllt að þurfa að

borga 8 tíma vistun þegar maður þarf ekki á þessum dýra, óniðurgreidda tíma að halda og sérstaklega þegar maður vill reyna að sinna börnum sínum meira sjálfur og er fyrir vikið að vinna minna. Ekki mikið eftir af laununum manns þegar búið er að greiða daggæslukostnað. Ég verð allavega mjög fegin þegar barnið mitt kemst í leikskóla, þarf þá vonandi ekki að vera í hættu fyrir utan um að detta með barnið í fanginu, hvort sem það er hálkubunkunum eða bleytu í stórhaettulegum stiga utan við húsið eða smokra mér inn í húsið sem er svo stúfult af drasli að það er varla hægt að ganga með barn í fanginu inn í húsið.

16. Mér finnst að það ætti að vera ungbarnaleikskóli á Akureyri. Ég hefði ekki viljað setja 10 mánaða gamalt barn mitt á venjulegan leikskóla en ef það væri ungbarnaleikskóli þá væri það annað mál. Dagmamman sem okkur var bent á frá annarri dagmömmu var að byrja og átti því laust pláss í janúar, annars er gjörsamlega ógerlegt að eignast börn á þessum tíma ef maður þarf pössun fyrir þau. Þess má geta að hún ... er alveg yndisleg með börnin og kom til móts við mig við að hafa vistunartíma til korter yfir 3 svo ég gæti unnið til 3. Ég myndi vilja að barnið mitt kæmist á leikskóla ekki seinna en við 2 ára aldur. Svo finnst mér þurfa að koma fram að leikskólar eru hérna fyrir börnin en börnin ekki fyrir leikskólustarfsmennina eða bæinn. Það á ekki að loka leikskólum á sumrin heldur skikka fólk að taka minnst 4 vikur á sumri í frí en fólk er ræður þá hvenær það er. Einnig á að vera í boði að hafa vistunartíma lengri án þess að þurfa að greiða morðfjár fyrir það.
17. Ekki eins og maður hafi mikið val um leikskóla,... annað foreldri vinnur á þeim leikskóla sem er í okkar hverfi og því má barnið ekki fara þangað. Þó svo að foreldrið vinni í eldhúsinu í öðru húsi. Mjög ósátt við það!
18. Ég vel leikskóla í þetta skiptið vegna þess að ég hef góða reynslu af leikskóla eldra barnsins míns. Varðandi sp. 27: nei, ég hefði ekki viljað að barnið mitt hefði farið ársgamalt í leikskóla, en ég myndi gjarnan vilja að hún færi að komast að fljótlega, enda að nálgast tveggja ára.
19. Finnst nauðsynlegt að farið verði að taka börn inná leikskóla fyrr og ekki bara á vorin/haustin. Hentar ekki að hjá sama dagforeldri sé tæplega eins árs barn og börn um tveggja mánaða aldri, þroskamunur er of mikill. Börn þyrftu að komast inn á leikskóla í síðasta lagi tveggja ára.
20. Þó svo að ég hefði ekki valið að koma barninu mínu inn á leikskóla í stað þess að byrja hjá dagmömmu, hefði ég vilja hafa val um að koma barninu inn á leikskóla 18 mánaða.
21. Hef alið hin 3 börnin mín upp í litlum sveitarfélögum og tel það mjög þroskandi að leifa 12 mánaða að komast í leikskóla í 4-6 tíma á dag. Finnst að börn ættu að fara frekar í leikskóla fyrr helst 12 eða 18 mánaða. Kostnaður okkar foreldra er of mikill það er ódýrara að hafa barn í leikskóla en hjá dagmóður.
22. Ofboðslega erfitt að eiga barn á þeim tíma árs sem þarf að komast til dagforeldris um áramót/miðjan vetur.
23. Hér þyrfti að vera ungbarnaleikskóli- mun meira eftirlit og það gerir börnum ekki gott að vera eftirlitslaus hjá einni konu, 5 börn í einu, alla daga.
24. Hef verið með öll mín þrjú börn hjá sömu dagmömmu og hef alltaf verið mjög sátt við allt sem hún gerir. Leggur sig virkilega fram við að veita sem besta þjónustu og að börnunum líði vel. Dagmómmur eru oftast einar og ef eitthvað kemur upp á hjá dagmómmunni þá er ekkert til að tryggja öryggi barnanna.
25. Finnst að fleiri dagforeldrar ættu að bjóða upp á dagvistun sem hentar „hefðbundnum“ vinnutíma þ.e að barn geti verið frá 7:45-16:15. Annars ánægð með mitt dagforeldri.

Aðrar athugasemdir:

26. Hef haft samband við Akureyrarbæ vegna fyrrum dagforeldris og fékk góða aðstoð.
27. Finnst að bærinn ætti að greiða niður mun meira af leikskóla og dagforeldra gjöldum.
28. Já. Mér fannst rosalega slæmt að þurfa að velja á milli þess að hafa barnið mitt hjá dagforeldri með hund á heimilinu eða hjá dagforeldri sem ekki talar skiljanlega íslensku. Þetta var það val sem ég stóð frammi fyrir. Og þar sem það er dýraofnæmi á heimilinu átti ég bara einn kost. Vil samt koma því á framfæri að hún er virkilega góð við strákinn minn þó svo að flest okkar samskipti fari fram á ensku.
29. Mér finnst fæðiskostnaður dagforeldra allt of hár. Ef bæjarfélagið er að bjóða upp á þessa þjónustu ætti hún að samræmast skólakerfinu meira varðandi kostnað og reglur einnig ætti bærinn að bjóða upp á ungbarnaleikskóla í stað þess að hafa þetta dagmómmakerfi því miður þarf fólk að vera á verulega góðu kaupum til að geta haft barnið hjá dagmömmu og margir koma út í miklum mínus við að dekkja eitt ár en hafa ekkert annað val ef það ætlar að halda sinni vinnu. Ég er ekki að setja út á dagmómmurnar sjálfar heldur aðeins kerfið sem slíkt.
30. Þetta er þriðja barnið mitt sem er hjá dagforeldri á Akureyri og hefur það gengi ágætlega. Þegar barn mitt númer tvö var hjá dagforeldri þá gekk það illa, veikindi dagforeldris tilkynnt illa og þá með sms, gjaldskrá samræmd þá

ÞÓ það væri bannað (og var gert með tilstuðlan Björns Snæbjörnssonar á þeim tíma sem var ólöglegt), hún hætti og láðist að láta okkur foreldrana vita þannig að við vissum það með tveggja daga fyrirvara. Ég lét vita af þessu öllu niður á skóladeild en veit ekki til þess að nokkuð hafi verið gert.

31. Var líka með barn árið 2011 og þá hefði ég svarað öllu öðruvísi. Mikið um óæskilegt frí dagforeldris, ekki komið til móts við okkur, borguðum alltaf fullt þrátt fyrir mikil veikindi barns dagforeldris og ekki leyst úr ágreiningi. Svo þegar kom að því að kvarta þá gat skóladeildin ekki gert neitt og gat ekki skipt sér að samningi dagforeldra og foreldra. Sem er að vissu leyti allt í lagi en hörmulegur þegar foreldrar lenda í öllu sem hægt var að lenda í, eins og við gerðum.
32. Daggæsla er alltof dýr!
33. Undirstrika það sem ég svaraði um ofan, það vantar betri upplýsingar á upplýsingavef Akureyrarbæjar um daggæslu.
34. Er í fæðingarorlofi núna þannig að kannski er ég ekki alveg marktæk. En strákurinn minn byrjaði hjá dagmömmu sem byrjaði að starfa í október og er leikskólakennari. Ég þekkti hana líka og heyrði af því að hún væri að fara starfa sem dagamma. Ákvað með stuttum fyrirvara að senda hann til hennar en það eina sem var galli var að við erum í sitthvorum enda bæjarins. En þar sem strákurinn var ekki að komast inn á leikskóla þá ákváðum við hafa hann hjá dagmömmu þangað til núna en vegna sparnaðar er ég að fara vera með hann heima þangað til hann kemst inná leikskóla en hann varð 2ja ára í byrjun febrúar.
35. Skoða mætti kostnað við viðhald og leikfangakaup og þá fylgjast með því að sá peningur sem dagmamman fær fari í viðhald og leikfangakaup.
36. Fáránlegt að sumt starfsfólk Akureyrarbæjar hafi kost á að vera heima á launum þegar skólar og leikskólar eru með starfsdaga en ekki aðrir. Ég hef engan rétt á að vera heima á launum hjá mínum börnum en dagmamman getur tekið frí á minn kostnað og verið heima hjá sínum börnum...hvaða pólitík er það ? fyrir utan alla hina dagana sem hún er með veik börn og allt þetta sem kemur aldrei til frádráttar fyrir foreldra...mjög ósanngjarnt.

4 Samantekt

Megintilgangur þessarar könnunar er að leita svara við því hvernig daggæsla í heimahúsum á Akureyri uppfyllir ákvæði reglugerðar og hver afstaða foreldra er til þjónustunnar. Spurningum var beint til foreldra sem nýta sér þjónustu dagforeldra á Akureyri og upplýsinga aflað um viðhorf þeirra til þjónustunnar og umsýslu bæjaryfirvalda með daggæslunni. Fremur dræm þátttaka var í könnuninni og telst mun slakari en hún var í sambærilegri könnun árið 2011. Hver skýringin er á því er ekki gott að segja en e.t.v. hefði mátt beita harðari áminningum til foreldra um að svara og jafnvel fá dagforeldra til að minna foreldra á að svara könnuninni því niðurstöður geta skipt máli fyrir þróun daggæslu í heimahúsum.

Ákveðin breyting virðist vera meðal foreldra hvar þeir afla upplýsinga um dagforeldra þegar leitað er eftir daggæslu í heimahúsi. Skóladeild bæjarins heldur úti vef um daggæslu í heimahúsum. Þar er að finna upplýsingar til foreldra sem nýta sér þjónustu dagforeldra eða hyggjast nýta sér hana. Foreldrar geta sótt þangað lista yfir dagforeldra og upplýsingar um hvert og eitt, gjaldskrár og reglur, skýrslur tengdar daggæslu í heimahúsum, og spurningar og svör um úrræðið sem slíkt þar sem fá má ýmsar gagnlegar upplýsingar. Árið 2011 var langalgengast að foreldrar segðust leita upplýsinga um dagforeldra á upplýsingavef Akureyrar en nú sækja foreldrar upplýsingarnar mun frekar með öðrum hætti eða annars staðar frá. Þessi niðurstaða kann að vera ákveðin þversögn við þá niðurstöðu að langflestir foreldrar, eða 90%, segist hafa nýtt sér upplýsingar um daggæslu í heimahúsum á heimasíðu Akureyrarbæjar. Þetta hlutfall er heldur hærra en í niðurstöðum kannana árin 2011 og 2010 þótt munur sé ekki marktækur. Ef til vill segir þessi niðurstaða aðeins að foreldrar sækja upplýsingar inn á síðuna eftir að þeir hafa samið við dagforeldri en sækja síður þangað upplýsingar í leit eftir dagforeldrum fyrir börn sín. Niðurstöður benda til að foreldrar vilja vanda vel til verka þegar þeir velja dagforeldri fyrir börn sín því þeir leita gjarna upplýsinga um þá á fleiri en einum stað. Þessi varfærni foreldra kemur einnig fram í svörum þeirra við spurningu um hvort þeir hefðu kannað aðstæður hjá dagforeldri áður en til vistunar kom og játtu 91% foreldra því að hafa gert það. En hvað er það þá sem foreldrum finnst mestu máli skipta við val á dagforeldrum? Eins og í könnunum frá 2011 og 2010 er það viðmót og persónuleiki dagforeldris sem foreldrum finnst skipta mestu máli nú. Þá skiptir orðspor dagforeldris miklu máli og algengara er en áður að foreldrar segist ekki hafa haft neitt val.

Af svörum foreldra þá virðist ábendingum, sem komið er á framfæri af hálfu skóladeildar um daggæslu í heimahúsum, fylgt ýmist að frumkvæði dagforeldranna sjálfra eða að foreldrar leiti eftir því. Tveir þriðju foreldrahópsins er þátt tók í könnuninni kannaði starfsleyfi dagforeldris áður en til samninga var gengið en á það er lögð áhersla af hálfu skóladeildar. Umhugsunarvert er eftir sem áður hversu hátt hlutfall foreldra lét það vera að kanna hvort dagforeldrið sem það valdi barni sínu var með gilt starfsleyfi og ekki er að sjá með marktækri vissu að þeir foreldrar hefðu kosið að koma barni sínu fremur í leikskóla. Ef til vill líta foreldrar svo á að þeir þurfi ekki miklar áhyggjur af þessu að hafa, þeir fá daggæsluna niðurgreidda og í því felist viðurkenning bæjarins á að dagforeldrið hafi tiltekið starfsleyfi. Til að foreldrar séu sem best upplýstir um réttindi og skyldur dagforeldra og stöðu sína gagnvart þeim leggur skóladeild áherslu á að foreldrar geri formlegan samning við dagforeldra og kynni sér vel samningsformið. Tveir þriðju hluti foreldra segjast hafa undirritað slíkan samning en þriðjungur þeirra kveðst ekki hafa gert það. Þótt dregið hafi úr samningsgerð milli aðila frá ári til árs 2010–2013 er munurinn ekki marktækur.

Almennt virðast foreldrar ánægðir með þjónustu dagforeldra og kemur það glögglega fram í athugasemdum sem fólk skrifaði þegar spurt var um hvað það væri sem þeir væru ánægðastir með í þjónustu dagforeldra. Þættir sem vekja mesta ánægju er framkoma dag-

foreldris og hvernig tekið er á móti barninu að morgni. Aðrir þættir sem einnig mikil ánægja er með er fæðið sem börnunum stendur til boða, samskipti foreldra við dagforeldrið og aðlögun barnsins. Almenn segja foreldrar að dagforeldrar leggi sig fram um að koma til móts við þarfir og væntingar þeirra og að börnin séu ánægð í daggæslunni. Þessi niðurstaða er athyglisverð í því ljósi að þeir þættir sem foreldrar segja ráði mestu við val þeirra á dagforeldri eru viðmót og persónuleiki dagforeldrisins svo og orðspor. Þetta eru jafnframt þeir þættir sem foreldrar eru ánægðastir með sem segir nokkra sögu um viðhorf foreldra til dagforeldra barna sinna.

Mikill meirihluti foreldra segir að dagforeldrar hafi veitt þeim upplýsingar um greiðslur vegna frídaga og veikindadaga og almennt virðast foreldrar sáttir við upplýsingagjöf dagforeldris. Marktæk fylgni er á milli afstöðu foreldra til þjónustu dagforeldris og hversu vel foreldrar telja sig upplýsta af hálfu þess um greiðslur vegna forfalla ($\chi^2(2, n=114)=10,8$; $p=0,005$) svo og hvernig dagforeldrar hafa staðið sig í að kynna þeim reglur og samþykktir sem snúa að daggæslu í heimahúsum. ($\chi^2(2, n=114)=11,4$; $p=0,003$). Það gefur til kynna að upplifun foreldra af þessari upplýsingagjöf dagforeldris sé áhrifavaldur í viðhorfi þeirra til þjónustu dagforeldris.

Forföll hjá dagforeldri geta verið nokkurt áhyggjuefni fyrir foreldra og ekki að ófyrirsynju þar sem almennt er ekki um það að ræða að dagforeldri hafi staðgengil fyrir sig enda það fyrirkomulag ekki endilega hagstætt því óvíst er hvernig börnin tækju nýjum starfsmanni. Það getur komið niður á annarri bindingu foreldra, s.s. vinnu eða námi. Í 5% tilfella svöruðu foreldrar því til að forföll dagforeldris kæmi sér mjög oft illa fyrir þá. Þó að hér sé ekki um stóran hóp foreldra að ræða þá er umhugsunarvert að niðurstöður sýna að liðlega helmingur þeirra sem svara þessu til segja einnig að þeir hafi ekki verið upplýstir um hvernig greiðslum sé háttáð vegna forfalla. Álykta má að dagforeldrar þurfi að standa betur að málum að þessu leyti, hvernig draga megji úr óþægindum af völdum forfalla og að foreldrar séu vel upplýstir um hvernig staðið sé að greiðslum ef til forfalla kemur.

Ríflega meirihluti svarenda segist vita hvernig eftirliti af hálfu skóladeildar með starfsemi dagforeldra sé háttáð en heldur færri telja það fullnægjandi eða gott. Flestir foreldranna, eða 83% þeirra er svöruðu, kváðust vita hvert ætti að leita ef þeir hafa athugasemdir við þjónustu dagforeldris en færri en í fyrri könnunum virðast meðvitaðir um hvert þeir skuli snúa sér, breytingin er tíu prósentustig á þremur árum þótt munur mælist ekki marktækur. Langflestir foreldra töldu sig hins vegar ekki hafa haft ástæðu til að koma athugasemdum á framfæri. Aðeins tveir foreldrar sögðu að ágreiningur hefði orðið við dagforeldra og í báðum tilfellum sögðu þeir að vel hefði gengið að leysa úr þeim ágreiningi. Segir það nokkra sögu um ánægju foreldra með þjónustu dagforeldra.

Af niðurstöðum má ráða að afstaða foreldra til þess að velja á milli leikskóla og daggæslu í heimahúsi fyrir barn sitt ráðist mjög af viðhorfi þeirra til þjónustu dagforeldra eða þeirri reynslu sem þeir telja sig hafa af þjónustukaupum af dagforeldri. Í svörum foreldra sem telja sig ekki fá tíma sem hentar þeim hjá dagforeldri myndu kjósa leikskóla fyrir börn sín fremur en daggæslu. Hið sama er að segja um þá sem segjast hafa lent í vandræðum vegna forfalla hjá dagforeldri.

Þótt flestir foreldranna segi að tími sá sem þeir hafa hjá dagforeldri henti þeim láta um fjórðungur foreldra í ljós óánægju með vistunartíma. Athugasemdir foreldra snúa einnig flestar að vistunartíma. Marktækt fleiri foreldrar telja nú en áður að vistunartími hjá dagforeldri henti ekki nægjanlega vel og kemur glögg fram í svörum að foreldrum finnst vanta meiri sveigjanleika í tíma, einkum í upphafi dags og í lok. Erfitt geti reynst að stökkva af stað úr vinnu fyrir kl. 16:00 til að ná í barnið svo og að ekki sé hægt að mæta með barnið eilítið fyrir kl. 8:00. Þetta komi niður á vinnutíma. Leikskólinn hafi aukinn sveigjanleika að þessu leyti. Niðurstöður nú benda í þá átt að aukin vilji foreldra sé til að fá vistun á leikskóla í stað daggæslu í heimahúsi, marktækur munur mælist á milli ára. Að þessu sinni segjast 65%

foreldra hefðu kosið leikskóla í stað daggæslu en árið 2011 svöruðu 51% á þann veg. Árið 2010 var hlutfallið 41% og árið 2009 32%. Það sjónarmið virðist því vera vaxandi að leikskólinn sé heppilegra form en daggæsla í heimahúsum. Ef til vill hefur atvinnuþátttaka og þrengingar á vinnumarkaði áhrif hér á. Fólk er hræddara um störf sín, vill síður láta upp á sig standa í vinnu og sveigjanleiki af hverju tagi er e.t.v. minni. Athugasemdir foreldra gefa til kynna að auk skorts á sveigjanleika í vistunartíma komi til öryggissjónarmið. Foreldrar nefna að ekki sé nægjanlega öruggt að einn fullorðinn einstaklingur sé með börnunum ef eitthvað óvænt kemur fyrir.

Það sem miklu máli skiptir við val á leikskóla er orðspor leikskólans og að leikskóli sé nálægt heimili. Minna máli skiptir, þótt ekki sé hægt að segja að það skipti foreldra ekki máli, stefna og starfshættir leikskólans. Þótt erfitt sé að sjá að þessi þáttur hafi ekki bein áhrif á orðspor leikskólans. Hér kunna að vera persónutengdir þættir er varða starfslið leikskólans.

4.1 Lokaorð

Sú mynd sem blasir við í könnun þessari sýnir að almennt eru foreldrar ánægðir með samskipti sín við dagforeldra og mjög lítið er um árekstra þeirra í milli. Dagforeldrar leggja sig fram um að koma til móts við þarfir foreldra og væntingar og börnin virðast almennt ánægð í daggæslunni. Þrátt fyrir þessa niðurstöðu eru mun fleiri foreldrar sem myndu kjósa það að hverfa frá dagvistarkerfinu og koma barni sínu á leikskóla ef þess væri kostur. Efalaust felst í því trú foreldra á að stofnun sem leikskóli feli í sér meiri sveigjanleika og meira öryggi vegna forfalla starfsmanna en slíkt getur komið illa við foreldrið ef mikið er um þau hjá dagforeldrinu. Þá má einnig leiða líkum að því að gott orðspor af leikskólum Akureyrar hafi mótandi áhrif á afstöðu foreldra að þessu leyti.

Aukinna efasemda virðist gæta meðal foreldra um eftirlit bæjarins með daggæslu í heimahúsum og ákveðins hiks í að notfæra sér upplýsingar þess. Hér kann að togast á afstaða til rekstrarformsins að hve miklu leyti bæjaryfirvöld geta tekið ábyrgð á starfsemi dagforeldra sem í raun eru sjálfstætt starfandi einstaklingar þótt þeir þurfi að lúta ákveðnum lögum og reglum um starfsemina sem slíka. Vera kann að foreldrar séu ekki vel meðvitaðir um gildi hins þríhliða samnings sem þeir undirrita við dagforeldri og Akureyrbæ og er íhugunarvirði fyrir skóladeild hvort kynna þurfi hann betur fyrir foreldrum og kerfið sem slíkt, þegar þau hefja vistun barns hjá dagforeldri.

5 Heimildir

Akureyrarbær. (e.d.). *Daggæsla barna í heimahúsum / verktakaþjónusta undir eftirliti*. Sótt 7. júní 2011 af http://skoladeild.akureyri.is/dagforeldrar/page/spurningar_og_svor

Lög um leikskóla nr. 90/2008

Reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005.

Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002

**Fylgiskjal
Spurningalisti**

Könnun um viðhorf foreldra til daggæslu yngstu barnanna

1. Hvort foreldrið svarar:
 - móðir
 - faðir
2. **Hvar fékkstu upplýsingar um laust pláss hjá dagforeldri? (Merktu við allt sem við á).**
 - á skóladeild Akureyrarbæjar
 - á upplýsingavef Akureyrarbæjar
 - heyrði það annars staðar frá t.d. frá vini, kunningja eða fjölskyldumeðlim
 - eldra systkini er/var hjá dagforeldrinu
 - með öðrum hætti
3. **Hvaða þættir skiptu þig mestu máli við val á dagforeldri?**
 - orðspor dagforeldris
 - viðmót og persónuleiki dagforeldris
 - staðsetning dagforeldris
 - vinnutími dagforeldris
 - ég hafði ekkert val
 - annað, hvað? _____
4. **Kannaðir þú hvort dagforeldri væri með gilt starfsleyfi, þegar þú valdir þér dagforeldri?**
 - já
 - nei
5. **Heimsóttir þú dagforeldrið til að kanna aðstæður áður en þú staðfestir pláss barnsins hjá því?**
 - já
 - nei
6. **Þekktir þú persónulega dagforeldrið sem þú valdir barninu þínu?**
 - já
 - nei
7. **Skrifaðir þú undir samning við dagforeldrið þegar barn þitt hóf vistun hjá því (ath. hér er ekki átt við þjónustusamning sem gerður er milli foreldra, dagforeldris og Akureyrarbæjar)?**
 - já
 - nei
8. **Varstu upplýst(ur) um greiðslur vegna frídaga og veikindadaga dagforeldris þegar barnið hóf vistun?**
 - já
 - nei

9. Hefur dagforeldri barnsins þíns leiðbeint þér og kynnt þér reglur og samþykktir sem snúa að daggæslu í heimahúsi?

- já
- nei

10. Ef nei í spurningu 9 hefur þú kynnt þér reglur og samþykktir annarstaðar?

- já
- nei

Ef já, hvar?

- á vef Akureyrarbæjar
- á Skóladeild
- annars staðar

11. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þjónustu dagforeldris barnsins þíns:

- mjög ánægð(ur)
- frekar ánægð(ur)
- frekar óánægð(ur)
- mjög óánægð(ur)
- veit ekki

12. Hvað er það helst sem þú ert sérstaklega ánægð(ur) eða óánægð(ur) með í dagvistun barnsins þíns? (Hér má merkja við einn eða fleiri valmöguleika).

Ég er ánægður með

- aðstöðu inni
- aðstöðu úti
- fæði
- dagskipulag
- viðfangsefni
- staðsetningu
- samskipti við foreldra/upplýsingamiðlun
- framkomu dagforeldris
- aðlögun barns
- hvernig tekið er á móti barninu að morgni
- annað, hvað? _____

13. Hversu sammála/ósammála ertu því að dagforeldrið bjóði upp á fjölbreytt fæði?

- mjög sammála
- frekar sammála
- frekar ósammála
- mjög ósammála
- veit ekki

14. Hversu ánægt/óánægt er barnið þitt í daggæslunni?

- mjög ánægt
- ánægt
- óánægt
- mjög óánægt
- veit ekki

15. Hversu vel/illa finnst þér dagforeldri leggja sig fram um að koma til móts við þarfir þínar og væntingar?

- mjög vel
- frekar vel
- illa
- mjög illa
- veit ekki

16. Hefur komið upp ágreiningur milli þín og dagforeldri barnsins þíns?

- já
- nei

Ef já hversu vel/illa gekk að greiða úr þeim málum

- mjög vel
- vel
- sæmilega
- illa
- veit ekki

17. Hafa forföll dagforeldris komið sér illa fyrir þig?

- já, mjög oft
- já, en sjaldan
- nei, aldrei

18. Veist þú hvert þú átt að leita ef þú hefur athugasemdir við þjónustu dagforeldris?

- já
- nei

19. Hefur þú komið á framfæri athugasemd til fjölskyldu- eða skóladeildar Akureyrarbæjar vegna þjónustu dagforeldris sem barnið þitt er hjá?

- já
- nei

20. Veist þú hvernig eftirliti af hálfu skóladeildar með dagforeldrum er háttað?

- já
- nei

21. Ef já, finnst þér eftirlit með störfum dagforeldra vera fullnægjandi/ófullnægjandi?

- fullnægjandi
- gott
- sæmilegt
- ófullnægjandi
- veit ekki

22. Hefur þú nýtt þér upplýsingar um dagforeldra á vefsíðu Akureyrarbæjar, akureyri.is?

- já (ef já, svaraðu þá næst spurningu 24 og slepptu spurningu 23).
- nei (ef nei, svaraðu þá næst spurningu 23 en slepptu spurningu 24).

23. Ef nei í spurningu 22, hvers vegna leitaðir þú þér ekki upplýsinga á vefsíðu Akureyrarbæjar?

- vissi ekki af upplýsingunum á vefsíðu Akureyrar

- þægilegra að leita upplýsinga með öðrum hætti
- hef ekki aðgang að tölvu
- á erfitt með að nýta mér upplýsingar á vef.

24. Ef já í spurningu 22, hversu ítarlegar/fábreyttar upplýsingar finnst þér upplýsingasíða á vef Akureyrarbæjar veita um dagforeldra?

- mjög ítarlegar upplýsingar
- ítarlegar upplýsingar
- fábreyttar upplýsingar
- mjög fábreyttar upplýsingar
- get ekki lagt mat á

25. Hversu vel/illa henta þér þeir tímar sem þú kaupir af dagforeldri?

- mjög vel
- vel
- ekki nógu vel
- mjög illa

Ef svarið er ekki nógu vel eða mjög illa í spurningu 25 skýrðu þá af hverju tímarnir henta þér ekki vel? _____

26. Hefðir þú kosið að koma barninu þínu í leikskóla fremur en til dagforeldris hefði það staðið til boða?

- já
- nei

27. Þegar kemur að því að velja leikskóla fyrir barnið þitt myndir þú vilja eiga þess kost að heimsækja leikskólann, sem þú hyggst velja, áður en þú sækir um?

- já
- nei

28. Þegar kemur að því að velja leikskóla fyrir barnið þitt hversu miklu/litlu máli finnst þér það skipta þig að leikskólinn sé nálægt heimili barnsins?

- mjög miklu máli
- miklu máli
- litlu máli
- mjög litlu máli
- veit ekki

29. Þegar kemur að því að velja leikskóla fyrir barnið þitt hversu mikið/lítið telur þú að stefna og starfshættir leikskólans muni hafa áhrif á val þitt?

- mjög mikil áhrif
- mikil áhrif
- lítil áhrif
- mjög lítil áhrif
- veit ekki

30. Þegar kemur að því að velja leikskóla fyrir barnið þitt hversu miklu máli telur þú að orðspor leikskólans muni skipta við val þitt?

- mjög miklu máli
- miklu máli

- litlu máli
- mjög litlu máli
- veit ekki

31. Annað sem þú vilt koma á framfæri: _____